

Tillögur að leiðum til að auka hlutdeild foreldra í námi barna sinna

Bent hefur verið á að foreldrar viti of lítið um daglegt starf barna sinna í skólanum og komi meira að námi þeirra sem aðstoðarmenn eða gestir frekar er virkir þátttakendur á jafnréttisgrunni. Í ljósi þess að enginn einstakur þáttur getur haft meiri áhrif á námsárangur og líðan barna en viðhorf og stuðningur foreldra er hætt við að mörg börn fari þannig á mis við mikilvægan stuðning foreldra sinna.

Það ætti að vera eitt mikilvægasta hlutverk skólans að leita leiða til að gefa öllum foreldrum aukna hlutdeild í námi barna sinna og í skólastarfinu á þeirra forsendum. Eftirtalin verkefni eru dæmi um það sem skólinn getur gert. Verkefnin þarf að sjálfsögðu að laga að aldri og þroska barnanna, tryggja að foreldrar, sem ekki skilja íslensku, fái góðar leiðbeiningar og kennarinn þarf að vera tilbúinn til að veita nauðsynlega aðstoð.

Haustfundir kennara og foreldrahópsins

Markmið fundarins er að skiptast á upplýsingum og leggja drög að samstarfi. Umsjónarkennari og bekkjarfulltrúar skipuleggja fundinn saman.

Á fundinum kynnir kennarinn sig og segir frá væntingum sínum til nemendanna og til samstarfsins við foreldra þ.á.m. varðandi heimanám, tölvupósta, símatíma o.fl. Rætt um mikilvægi samstarfs, Foreldravefurinn kynntur, ræddir ýmsir möguleikar á samstarfsverkefnum og fundurinn kemur sér saman um áherslur yfir skólaárið.

Námsáætlanir

Allir foreldrar eiga að hafa aðgang að námsáætlun bekkjarins (og eigin barns) fyrir skólaárið og einnig fyrir styttri tímabil. Í áætlununum kemur fram hvaða markmiðum nemendur eiga að ná í hverri námsgrein, á hvaða tíma og hvernig árangurinn verður metinn.

Hefðbundið heimanám

Þegar um heimanám er að ræða er það skipulagt í samstarfi við foreldra. Þegar gert er ráð fyrir aðstoð foreldra þarf að tryggja þeim aðgang að góðum leiðbeiningum. Foreldrar þurfa einnig að eiga kost á að sjá hvernig kennarinn metur heimaverkefni barns þeirra.

Gullkorn

Kennarinn sendir reglulega heim kort eða tölvupóst þar sem segir frá einhverju jákvæðu sem barnið hefur gert í skólanum. Dæmi: *Í þessari viku var Þóra með glæsilega kynningu á Hallgrími Péturssyni. Hannes var ritari í hópstarfi og skilaði starfi sínu mjög vel.*

Tölvupóstur til mömmu og pabba

Nemendur senda af og til tölvupósta úr skólanum og segja foreldrum sínum frá því hvað þeir eru að gera í tímanum. Ljósmynd gæti fylgt með.

Morgunkaffi

Einu sinni á önn eða oft er öllum foreldrum boðið í morgunkaffi í upphafi dags. Kaffi og bakkelsi, sem nemendur hafa útbúið, er í skólastofunni. Markmiðið er að gefa nemendum tækifæri til að sýna foreldrum vinnustaðinn sinn og verkefnin sem þeir eru að fást við. Foreldrar fá auk þess tækifæri til að hitta kennara, bekkjarfélaga barns síns og foreldra þeirra. Ef til vill geta nemendur verið með sýningu eða eitthvað atriði fyrir foreldrana.

Heimaverkefni fjölskyldunnar

Á haustfundinum segir kennarinn frá fyrirhuguðum heimaverkefnum fjölskyldunnar, sem geta verið eitt til tvö á skólaárinu. Markmiðið með verkefninu er að nemandinn og foreldrar hans (eða afi og amma) vinni saman að gerð verkefnis á sínum eigin forsendum. Á fyrirfram ákveðnum tíma kynnir nemandinn svo verkefnið fyrir bekkjarfélögum sínum með aðstoð foreldra sinna. Verkefnin geta verið hluti af námsefninu t.d. í samfélagsfræði, íslensku eða eitthvað annað. Dæmi um verkefni: Einstaklingur sem ég hef mikið dálæti á, skemmtilegur staður sem ég hef komið til og áhugavert safn. Verkefnin má vinna á þann hátt sem fjölskyldan kys t.d. með glærुकynningu, plakati, myndbandi, upplestri. Ljósmyndum o.fl.

Námsmat foreldra

Nemendur fara heim með verkefni sem þeir eiga að leysa og foreldrarnir meta árangurinn samkvæmt leiðbeiningum kennara. Dæmi um verkefni er smásaga sem nemendur lesa upphátt eða í hljóði og svara svo skriflega eða munnlega spurningum sem fylgja með. Foreldrar meta árangur barns síns samkvæmt meðfylgjandi matsviðmiðum og fylla út marsblað.

Þetta er hægt að gera með flestar námsgreinar. Niðurstöður má ræða á samráðsfundi með foreldrum og hafa sem hluta af námsmatinu.

Kveikjur

Kennarinn upplýsir foreldra um verkefni sem bekkurinn á að vinna og hvetur foreldra til að ræða efnið við börn sín. Dæmi um slíkt gæti verið landnámið. Kennarinn gæti bent foreldrum á að ræða við börn sín um Ingólf Arnarson, vísað á lesefni, vefsíður, ljóð, söfn og/eða listaverk sem tengjast Ingólfi og landnáminu. Kennarinn gæti líka sent nokkra umræðupunkta: Af hverju yfirgefur fólk landið sitt og fer út í óvissuna? Af hverju er bara stytta af Ingólfi en ekki af Hallveigu? Hvers vegna fóru víkingarnir í annað land til að taka þræla?

Þannig geta allir nemendur lagt eitthvað af mörkum í umræðum um landnámið þegar verkefnið hefst í skólanum.

Sjálfsgagt er að bjóða foreldrum að koma í skólann og fylgjast með vinnu nemenda, senda myndir, frásagnir og nemendur geta sent tölvupósta. Þegar verkefninu lýkur er hægt að bjóða foreldrum að koma í skólann og sjá hvernig verkefnið, sem þeir tóku þátt í að ýta úr vör, hefur þróast.

Stikkorð

Kennarinn sendir foreldrum af og til stikkorð í tölvupósti, sms eða á miða. Orðið er vísbending um það sem nemendur hafa verið að fást við þann daginn. Markmiðið er að foreldrar fái nánari skýringar hjá börnum sínum. Dæmi: Sagnorð, Vísindi, Námundun, Jafnrétti.

Heimakynning

Þegar nemendur hafa lokið við verkefni eða náð tilteknu námsmarkmiði fara þeir með það heim til foreldra og kynna það. Foreldrarnir fylla út eyðublað sem kennarinn sendir þeim og staðfesta kynninguna og fá tækifæri til að segja álit sitt.

Heimsóknir

Það getur verið afar upplýsandi fyrir foreldra að koma í skólann og fylgjast með daglegu starfi þar. Heppilegt er að skipuleggja heimsóknirnar þannig að foreldrar fái sem mest út úr þeim. Mörgum foreldrum finnst gott að fá að taka þátt og því mætti gefa þeim hlutverk, t.d. að aðstoða nemendur í verkefnavinnu eða segja frá einhverju skemmtilegu. Það væri t.d. hægt að gefa öllum foreldrum kost á að koma í heimsókn einu sinni á önn. Slíkar heimsóknir þarf að skipuleggja með góðum fyrirvara og í samvinnu við hvert foreldri.

Opið hús í skólanum

Hafa má opið hús í skólanum þar sem öllum foreldrum, öfum og ömmum er boðið að koma í heimsókn. Þann dag er hefðbundið starf brotið upp en meira lagt upp úr sýningum og kynningum. Setja má upp veitingasölu í samstarfi við foreldrafélagið.